

Reykjavík 27. október 2015

## Þingskjal 115

### Tillaga til þingsályktunar um siðareglur fyrir alþingismenn

#### Umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands

Þó að Evrópuráðsþingið sé stofnun sem er í grundvallaratriðum frábrugðin þjóðþingum virðist sem vel hafi tekist með íslenskun og aðlögun siðareglna þess fyrir alþingismenn. Í siðareglunum sem nú eru lagðar fram koma fyrir öll helstu viðmið sem þurfa að vera í slíkum reglum, ásamt ágætri greinargerð fyrir því umhverfi sem reglunum er ætlað, svo sem með skipan siðareglunefndar. Í greinargerðinni sem fylgir ályktuninni sést ljóslega hvernig reglunum er ætlað að vera „almenn umgjörð fyrir hegðun eða háttarni þingmanna“ og að þær séu í raun skráning á almennum og óskráðum reglum sem þegar gilda.

Í greinargerðinni er forsaga málsins rakin og kemur þar fram að nefnd þingmanna hafi áður skilað inn tillögum að siðareglum sem ekki hafi náðst samkomulag um. Þessi leið sé því nú farin, „a.m.k. fyrst um sinn“. Það má færa fyrir því rök að slík niðurstaða sem byggir á því að forðast ágreining um efni siðareglna gangi gegn eðli þeirra. Þótt efni siðareglanna kalli ekki á gagnrýni má segja að skráning þeirra muni varla byggja á sameiginlegum skilningi þeirra sem undir reglurnar gangast. Má þar nefna 10. og 11. greinar sem virðast kalla á ítarlegar umræður þar sem alþingismenn gera sjálfum sér og öðrum grein fyrir hvaða skilning þeir leggja í þau viðmið sem birtast í þeim.

Eitt helsta markmið með skráningu siðareglna er að skapa sameiginlegan skilning þeirra sem reglunum munu lúta í hverju meginskyldur þeirra og ábyrgð eru fólgin. Í raun og veru kemur lítið sem ekkert fram í þingsályktunartillögunni hvernig á að standa að innleiðingu siðareglanna og hvers vegna þessi leið sé líklegri til að alþingismenn öðlist þekkingu og skilning á siðferðilegum viðmiðum í starfi sínu frekar en fyrri tilraun sem engin sátt náðist um. Siðareglurnar sem hér eru lagðar fram geta mögulega reynst heillaspor fyrir Alþingi en þá þurfa þingmenn að koma sér saman um frekari leiðir til að ræða í hverju skyldur þeirra sem fulltrúar sem starfa í almannabágu felast.